

SAMBAND VEITINGA- OG GISTIHÚSA  
THE ICELANDIC HOTEL AND RESTAURANT ASSOCIATION  
HAFNARSTRÆTI 20 · 101 REYKJAVÍK  
SÍMAR: 552 7410 & 562 1410 · TELEFAX 552 7478



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 122/1251*  
*komudagur 18. 3. '98*

Reykjavík 16. mars 1998

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi

Samband veitinga- og gistihúsa hefur fjallað um ofangreint frumvarp og gerir við það eftirfarandi athugasemdir sem varða veitingastaði:

Um 2. grein

Í athugasemdum við frumvarpið segir að tillögur nefndarinnar miði m.a. að því að sporna við neyslu og stýra henni með gjalddöku. Öllum er ljóst að með háum gjöldum er ekki spornað við neyslu, heldur hverfur hluti hennar úr opinberum tölum. Smygl eykst og brugg í heimahúsum hefur trúlega aldrei verið meira, enda eru umsvif fyrirtækja sem selja efni til vín- og bjórgerðar sívaxandi. Neyslustýring felst yfirleitt í því að færa neyslu frá sterkari drykkjum til hinna veikari og því er undarleg sú tillaga að áfengisgjald á öl verði óbreytt.

Það er vissulega ánægjulegt að lögð sé til lækkun á áfengisgjaldi á vín, en ef litið er á hjálagðan samanburð milli Íslands og helstu samkeppnislanda er ljóst að við höfum þar mikla sérstöðu, sem leiðir til þeirra drykkjusiða, að á stórum hluti heimila í landinu er drukkið heimalagað vín. Samband veitinga- og gistihúsa gerir enn fremur athugasemdir við að áfengisgjald hækki á styrkt vín s.s. sherry og þúrtvín og þykir eðlilegt að mörkin verði áfram við 21% í stað 15% eins og lagt er til.

Hátt verð á áfengi hefur verið bæði veitingahúsunum og ferðapjónustunni í heild mikið vandamál og þar að auki mega veitingahúsin greiða nær sama verð fyrir vöruna og hinn almenni borgari. Það hefur lengi verið uppi hávæðing um að áfengisgjald af öli og víni stórlækki, en það er ljóst að breyting skv. frumvarpinu mun hvorki færa okkur nær því umhverfi sem ríkir í okkar helstu samkeppnislöndum né minnka heimaframleiðslu.


um 7. grein

Tillögu um afnám laga um skemmtanaskatt er fagnað. Samband veitinga- og gistihúsa hefur lengi bent á að umrædd lög taki ekki lengur mið af því skemmtanahaldi sem nú tíðkast. Það eru eingöngu þeir skemmtistaðir sem selja aðgang sem greiða skemmtanaskatt. Það má því segja að fjármögnun skemmtiatriða ráði því hvort veitingamenn greiða skemmtanaskatt eða ekki.


Virðingarfyllt

Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri

**Afengisgjald pr. líter á 12% vín í Evrópu (ísl. krónur)**



## Áfengisgjald pr. líter á 40% áfengi í Evrópu (ísl. krónur)



## Áfengisgjald pr. líter á 4.5% bjór í Evrópu (ísl. kr.)

